

Tinna Frímann Jökulsdóttir, Anton Karl Ingason,
Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson

Um nýyrði sem tengjast tölvum og tækni

1 Inngangur

Í íslenskri málsögu má finna hugmyndir þess efnis, jafnvel settar fram með nokkru stolti, að íslenska sé nær uppruna sínum en mörg önnur tungumál því hún hafi, í einhverjum skilningi, að miklu eða mestu leyti haldist hrein og ómenguð af áhrifum frá öðrum málum (sjá t.d. umfjöllun Árna Böðvarssonar 1964 og Kjartans G. Ottóssonar 1990).¹ Þó að eflaust sé eitthvað til í þessum staðhæfingum er það þó svo að í gegnum tíðina hefur íslenskur orðaforði, rétt eins og orðaforði annarra mála, þurft að endurnýjast og taka ýmsum breytingum í takt við tíðarandann hverju sinni. Því hafa hugtök eins og tökuorð, aðkomuorð, nýyrði og nýyrðasmíð lengi fylgt íslensku þjóðinni þótt umræða og viðhorf þeim tengdum hafi tekið einhverjum breytingum frá einum tíma til annars (sjá t.d. Ara Pál Kristinsson 2017, Kristján Árnason 2005). Í þessari grein verður greint frá niðurstöðum úr nýlegri rannsókn á viðhorfum íslenskra málhafa til ýmissa nýyrða sem orðið hafa til í kjölfar framþróunar í tölvu- og snjalltækni undanfarin ár og áratugi.

Þrátt fyrir að íslenska hafi til þessa haft sterka stöðu hér á landi hefur hún í tímans rás orðið fyrir ýmiss konar áhrifum frá nágrannamál-

¹ Við þökkum ónafngreindum ritrýnum fyrir gagnlegar athugasemdir sem og ritstjóra, Helgu Hilmisdóttur.

unum, m.a. frá latínu, ensku, þýsku og dönsku (sjá t.d. Árna Böðvarsson 1964) og í dag virðast ensk áhrif nánast alltumlykjandi. Slíkt hefur valdið mörgum Íslendingum áhyggjum, jafnvel svo miklum að finna má í sögunni dæmi um dauðadóma yfir íslenskunni og aðrar slæmar hrakspár (sjá t.d. Björn M. Ólsen 1916, Eggert Ólafsson 1832, Kjartan G. Ottósson 1990). Áhrif eins tungumáls á annað geta birst með ýmsu móti og hefur þeim m.a. verið skipt eftir því hvort þau tengist formi eða umdæmi þess máls sem fyrir áhrifunum verður (sjá t.d. Kristján Árnason 2001, 2005). Til þessa hafa birtingarmyndir erlendra áhrifa á íslensku kannski fyrst og fremst tengst formi hennar, líkt og Eiríkur Rögnvaldsson (2016) bendir á, og má þar t.a.m. nefna hvers kyns áhrif á orðaforðann. Töku-, aðkomu- og framandorð (eða slettur) hafa lengi verið mörgum þynnrir í augum, t.a.m. á tímum sjálfstæðisbaráttunnar við Dani. Talið var að tungan gegndi mikilvægu hlutverki í þeirri baráttu og virðist það hafa leitt til samstöðu um að hreinsa hana eftir bestu getu af erlendum áhrifum og gera hana sem þjóðlegasta, m.a. með myndun íslenskra nýyrða (sjá t.d. Kjartan G. Ottósson 1990:76, 100–103). Í raun heldur Árne Böðvarsson (1964:200) því fram að það hafi ekki verið fyrr en á fyrstu áratugum 20. aldar sem farið var að viðurkenna orð af erlendum uppruna sem nothæfa íslensku, jafnvel þótt þau hefðu aðlagast hljóð- og beygingarkerfi.

En óháð því hvaða skoðun fólk hefur á aðkomuorðum er ljóst að tungumál þurfa að taka breytingum. Heimurinn breytist hratt; í sífellu verða til nýjar hugmyndir og nýir hlutir og í kjölfar síaukinnar hnattvæðingar og hvers kyns byltinga í tækni berast þau hratt hingað til lands. Þessum hugmyndum og hlutum, sem upphaflega bera yfirleitt erlend heiti, þarf að gefa nafn til að hægt sé að ræða um þau og var það m.a. til umræðu hjá Halldóri Halldórssyni (1987:94) þegar hann sagðist telja íslensku nokkuð ófullkomna að því leytinu til að mjög erfitt væri að tala um ýmis viðfangsefni á íslensku þar sem orðin skorti. Við slíkar nafngiftir kemur helst tvennt til greina; annars vegar að samþykka erlenda heitið eða einhvers konar aðlagaða útgáfu af því eða hins vegar að búa til íslenskt nýyrði (sjá t.d. Ara Pál Kristinsson 2017:150) og oft er a.m.k. látið reyna á síðari kostinn.

Nýyrðamyndun og –notkun tengjast þar með ekki aðeins formi íslenskrar tungu heldur einnig umdæmi hennar því íslensk nýyrði og jákvætt viðhorf gagnvart notkun þeirra geta leikið stórt hlutverk þegar kemur að því að uppfylla aðalmarkmið íslenskrar málstefnu frá árinu 2009, þ.e. „að tryggja að íslenska verði notuð á öllum sviðum íslensks samfélags“ (*Íslenska til alls* 2009:11). Undanfarin ár hefur t.a.m.

orðið afar mikil og hröð framþróun í hvers kyns tækni og þá ekki síst með tilkomu hinnar svokölluðu snjalltækjabyltingar sem m.a. hefur alið af sér raddstýringu tækja. Fólk er, a.m.k. í hinum vestræna heimi, nettengt nánast hvar og hvenær sem er og tæknin hefur tekið yfir sífellt fleiri þætti í daglegu lífi þeirra. Til þessa hefur íslenska oftár en ekki verið nothæf, a.m.k. að einhverju leyti, innan tækninnar kjósi menn þann möguleika, m.a. vegna íslenskra, tæknitengdra nýyrða sem náð hafa fótfestu í málinu.

En í kjölfar þessara gríðarlegu samfélags- og tæknibreytinga sem átt hafa sér stað verður enska sífellt meira áberandi og um leið má greina auknar áhyggjur af stöðu og framtíðarhorfum íslensku. Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að þessar áhyggjur eru ekki tilefnislausar því þótt önnur mál hafi haft áhrif á íslensku í gegnum tíðina er mál-sambýli íslensku og ensku nú með allt öðrum hætti en áður hefur sést og fleiri hættumerki sjáanleg (sjá t.d. Sigríði Sigurjónsdóttur og Eirík Rögnvaldsson 2018, 2019, Sigríði Sigurjónsdóttur 2016, Drude o.fl. 2018, Dagbjörtu Guðmundsdóttur 2018, Elínu Þórsdóttur 2018, Lilju Björk Stefánsdóttur 2018, Tinna Frímann Jökulsdóttur 2018). Sé markmiðið að sjá til þess að íslenska verði áfram nothæf á öllum sviðum samfélagsins, þ.m.t. á sviði tækni, þarf að bregðast rétt við og um leið mun hraðar en áður. Að þessu sögðu má nefna að þegar reynt er að leggja mat á lífvænleika tungumála eru ýmsir þættir lagðir til grundvallar og meðal þeirra eru virðing og viðhorf málhafa gagnvart málinu, á hvaða sviðum (e. *domains*) samfélagsins málið er notað/not hæft og hvort tungumálið nái inn á ný notkunar svið og í nýja fjölmiðla (Lewis og Simons 2010, UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages 2003).

Meginmarkmið þessarar greinar er að fjalla um niðurstöður nýlegrar vefkönnunar um viðhorf u.þ.b. 350 Íslendinga gagnvart nýyrðamyndun og notkun þeirra á íslenskum nýyrðum sem tengjast tölvum og tækni. Í stuttu máli má segja að niðurstöðurnar bendi m.a. til þess að nokkuð almennur samhljómur sé um það viðhorf að búa eigi til íslensk nýyrði þó að greina megi mun eftir aldri þátttakenda. Þegar kemur að notkun nýyrða kemur einnig nokkuð skýrt fram að ólíkum nýyrðum er misvel tekið af málsamfélaginu auk þess sem munur er á ólíkum aldurshópum. Efnisskipan greinarinnar er með þeim hætti að fræðilegan bakgrunn má finna í öðrum hluta greinarinnar þar sem m.a. verða birtar skilgreiningar á helstu hugtökum og stuttlega fjallað um aðrar tengdar rannsóknir. Í þriðja hluta verður rannsókninni, sem þessi grein byggir á, lýst nánar og þá sérstaklega þeim spurningum

sem liggja til grundvallar niðurstöðum. Í fjórða hluta verður fjallað um niðurstöður tengdar viðhorfum og í þeim fimmta verður tekin fyrir notkun þátttakenda á nokkrum íslenskum nýyrðum. Sjötti og síðasti hlutinn inniheldur niðurlag.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Líkt og Ari Páll Kristinsson (2017:156–157; sjá einnig Ágústu Þorbergsdóttur 2011) bendir á hefur hugtakið nýyrði haft svolítið breytilega tilvísun eða merkingu í fræðilegum skrifum til þessa og það sama virðist eiga við um önnur hugtök sem tengd eru endurnýjun orðaforðans, s.s. tökuorð og aðkomuorð. Samkvæmt Guðrúnu Kvaran (2005:104) nær hugtakið nýyrði „yfir ný orð sem búin eru til yfir hluti eða hugtök sem ekki höfðu íslenskt heiti áður“. Þó að það komi ekki beint fram í þeirri skilgreiningu að þessi nýju orð þurfi að vera búin til úr innlendum (eða arfteknum, sbr. Ara Pál (2017:154)) efnivið einvörðungu er „sá skilningur á orðinu *nýyrði* í íslensku líklega algengastur og almennt viðtekinn“ (Ari Páll Kristinsson 2017:156) og því liggur beinast við að miða við hann hér.² Þrátt fyrir að greina megi ákveðinn mun á svokölluðum nýmerkingum, þ.e.a.s. þegar orð sem þegar er til í íslensku fær nýja merkingu í viðbót við þá sem það hafði áður, og nýmynduðum orðum (sjá Ara Pál Kristinsson 2017:151) verða þær jafnframt settar undir hatt nýyrða (Guðrún Kvaran 2005:105; Ágústa Þorbergsdóttir 2011:333). Einnig má nefna hér að stundum er talað um hugtakið tókumerkingu en þá er í raun átt við nýmerkingu þar sem merking orðsins, sem fyrir er í málinu, „víkkar fyrir áhrif frá samsvarandi orði í erlendu máli“ (Ásta Svavarsdóttir 2011:341). Sem dæmi um gömul og nokkuð rótgróin nýyrði í íslensku máli má taka orð eins og *sími*, *sjónvarp*, *tölva*, *skjár*, *veitingahús*, *þota* og *þyrta* sem og nokkur nýyrði Jónasar Hallgrímssonar frá fyrri hluta 19. aldar, *aðráttarafl*, *sporbaugur*, *líkindareikningur* og *ljósvaki* (Bjarni Vilhjálmsson 1944).

En líkt og áður hefur komið fram samanstendur regluleg endur-

² Til eru dæmi, þá aðallega eldri, um bæði þrengri skilgreiningar á hugtakinu *nýyrði* sem og víðari. Í fyrra tilvikinu nær hugtakið oft aðeins yfir svokallaða „lærða orðmyndun“ en ekki orð sem orðið hafa til „sjálfkrafa“ á meðal málnotenda eða svokallaða „virka orðmyndun“. Í síðara tilvikinu nær hugtakið stundum yfir öll ný orð í málinu, hvort sem þau eru úr innlendum eða erlendum efnivið (sjá t.d. umfjöllun Ara Páls Kristinssonar 2017:156–157).

nýjun íslensks orðaforða ekki aðeins af nýyrðum. Hingað til lands berast einnig orð af erlendum uppruna sem m.a. hafa ýmist verið nefnd tökuorð, aðkomuorð eða framandorð. Guðrún Kvaran (2005:343) segir að lengi vel hafi hugtakið tökuorð verið „notað yfir öll þau orð sem töldust erlend í málinu hvort sem þau höfðu aðlagast hljóð- og beygingarkerfi eða ekki“ en síðar hafi orðið sú aðgreining að með hugtökunum tökuorð og aðkomuorð sé átt við orð sem koma inn í eitt tungumál (hér íslensku) frá öðrum málum og haldast ýmist óbreytt að mestu (aðkomuorð) eða aðlagast málkerfi viðtökumálsins (tökuorð).

Önnur flokkun eða hugtakanotkun virðist þó nýlegri en þá er hugtakið aðkomuorð „notað almennt um orð sem eru upprunnin í öðru máli, óháð því hvort þau hafa aðlagast viðtökumálinu eða ekki og því hversu algeng þau eru“ (Ásta Svavarsdóttir 2011:341, 2017:59), sem svarar þá til notkunar Guðrúnar Kvaran á orðinu tökuorð. Aðkomuorðum er svo skipt í tvo flokka, framandorð og tökuorð, þar sem hugtakið framandorð er notað yfir þau aðkomuorð sem ekki hafa aðlagast málkerfi viðtökumálsins að fullu (óháð útbreiðslu eða því hversu algeng þau eru) en tökuorð eru þá þau aðkomuorð sem hafa aðlagast málkerfi viðtökumálsins og eru oftast orðin föst í sessi (Ásta Svavarsdóttir 2011:341). Hér verður stuðst við þessa síðari hugtakanotkun, sérstaklega vegna þess að þá má til einföldunar nota hugtakið aðkomuorð yfir öll orð af erlendum uppruna, hvort sem þau flokkast til tökuorða eða framandorða.

Mörkin á milli þessara tveggja undirflokka aðkomuorða eru, eðli málsins samkvæmt, ekki alltaf mjög skýr en sem dæmi um aðkomuorð nefnir Guðrún Kvaran (2005:345–347) m.a. *djús*, *hamborgari*, *kúl*, *töff*, *bögga* og *meila* og Ásta Svavarsdóttir (2011:344, 346) nefnir t.d. orðin *stúdíó*, *meil/ímeil*, *pólitík*, *digital* og *seiva*. Að auki má nefna dæmi eins og *viskastykki/viskustykki*, *vaskur*, *skrúbba* og *húkka* sem líklega eru öll aðkomuorð úr dönsku (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989, Guðmundur Finnbogason 1928, Guðrún Kvaran 2001). Líkt og víða hefur verið fjallað um (sjá t.d. Ara Pál Kristinsson 2017:134–147, Ágústu Þorbergsdóttur 2011:333–334, Kjartan G. Ottósson 1990) hefur hin svokallaða nýyrðastefna verið meðal þess sem áhrif hefur haft á endurnýjun íslensks orðaforða og þegar á heildina er litið eru tökuorð hlutfallslega sjaldgæf í íslensku. Almennt hefur verið reynt að bregðast við þörf á nýjum orðum með nýyrðum frekar en tökuorðum og oft hefur verið litið svo á að orð úr innlendum orðstofnum eigi á einhvern hátt betur við í vönduðu máli og rituðum texta en tökuorðin sem séu

frekar hæf í óformlegu talmáli. Í því má greina ákveðið viðhorf um að nýyrði séu á einhvern hátt betri íslenska.

Þó er það alls ekki alltaf svo að tiltekin nýyrði nái strax einhverri yfirburðastöðu gagnvart samsvarandi aðkomuorðum og stundum hreinlega fatast þeim flugið strax í upphafi með þeim afleiðingum að aðkomuorðið nær yfirhöndinni. Sem dæmi má nefna nýyrðin *sjálfrenningur* og *sjálfrennireið* sem töpuðu baráttunni við tökuorðið *bill* (og nýyrðið *bifreið* sem þó er sjaldnar notað)³. Eflaust er ýmislegt sem veldur en t.a.m. mætti leita skýringa í tegund nýyrðanna, þ.e.a.s. þeirri aðferð sem notuð var við myndun þeirra, en þá er hægt að miða við þær fimm aðferðir sem Guðrún Kvaran (2005:105) telur algengastar við nýyrðasmíð; samsetningu, afleiðslu, nýmerkingu, tökuþýðingu og aðlögun⁴. Ágústa Þorbergsdóttir (2011:337–338) nefnir fleiri mögulegar ástæður; að eldri heiti, sem oft eru aðkomuorð, hafi þegar verið orðin rótgróin í málinu þegar tiltekið nýyrði varð til, að stundum gæti einfaldlega andstöðu gegn tilteknum nýyrðum af einhverjum ástæðum eða þá að nýyrðin séu mun óþjálli en samsvarandi aðkomuorð. Einnig telur hún að það skipti miklu máli hvernig og hversu mikið nýyrðum sé komið á framfæri, t.d. með því að nota þau í vinsælum auglýsingum og fjölmiðlum. Halldór Halldórsson (1987:96–98) nefnir svipuð atriði í umfjöllun sinni um sigurlíkur nýyrða og leggur hann m.a. mikla áherslu á hlutverk fjölmiðla, stjórnvalda og menntakerfis.

Enn fleiri atriði má tína til enda þarf, líkt og Thomason (2010:35–45) hefur bent á, að taka tillit til marga þátta, bæði félagslegra og málfræðilegra, þegar rannsaka á áhrif frá einu tungumáli á annað í málsambýli tveggja tungumála (sjá einnig umfjöllun Dagbjartar Guðmundsdóttur 2018:9–11). Einn af þeim þáttum sem Thomason nefnir er fólgin í viðhorfi og afstöðu málhafanna í samfélaginu til hvors máls um sig, hvort sem þau eru meðvituð eða ekki. Þetta kemur m.a. fram í því að ef viðhorf málhafa eins máls gagnvart öðru máli

³ Nýyrðið *sjálfrenningur* kom t.a.m. fyrir í verkinu *Sjálfstætt fólk* eftir Halldór Laxness (1993:421, 470) og í ræðum Jóns Ólafssonar og Einars Jónssonar á Alþingi í ágúst 1913 þar sem Jón Ólafsson reyndi m.a. að færa rök fyrir því að *sjálfrenningur* væri betra heiti en *bifreið*. Orðið finnst hins vegar ekki í Íslenskri orðabók, hvorki í útgáfu frá árinu 2007 eða í vefútgáfu Snöru þann 10.10.18. Nýyrðið *sjálfrennireið* er í Íslenskri orðabók (2007:859) skráð sem gamalt nýyrði.

⁴ Þótt Guðrún Kvaran telji aðlögun erlendra orða að íslensku málkerfi til algengra aðferða við nýyrðasmíð má færa rök fyrir því að það eigi ekki við í þessu samhengi þar sem hér er yfirleitt litið á slík orð sem tökuorð en ekki nýyrði, a.m.k. þegar um er að ræða „sjálfsprottna“ aðlögun hjá almennum málnotendum.

í málsambýlinu eru jákvæð getur það orðið til þess að auka og efla áhrif frá seinna málinu á það fyrra. Eins virkar það öfugt, ef viðhorfin eru neikvæð getur það hamlað áhrifum. Með öðrum orðum geta viðhorf Íslendinga gagnvart aðkomuorðum úr ensku haft töluverð áhrif á það hversu vel íslenskum nýyrðum er tekið og hversu mikið þau eru notuð (sbr. umræðu hjá Thomason 2010:38).

Líkt og fram hefur komið hefur víða verið fjallað nokkuð ítarlega um meinta samstöðu Íslendinga fyrr á tímum með „hreinu“ máli án aðkomuorða en í grein frá árinu 2005 veltir Kristján Árnason því m.a. fyrir sér hvort einhvers konar hugarfarsbreyting væri að verða í íslensku málsamfélagi. Hann talar um aukin ítök ensku, spyr t.a.m. hvort „alþjóðavæðing [eigi] sinn þátt í því sem haldið hefur verið fram að tungan skipti nú minna máli í sjálfsmynd Íslendinga en áður?“ (Kristján Árnason 2005:99) og nefnir að sumir telji að það sé kominn tími til að aðlagast nútímanum betur, jafnvel með því að stefna að „tvítyngdu“ málsamfélagi. Hafi slíkar hugmyndir verið komnar fram á þessum tíma hljóta þær að hafa haft einhver áhrif á viðhorf Íslendinga gagnvart enskum áhrifum á íslenskt málsamfélag og þar með líklega á viðhorf gagnvart enskum aðkomuorðum.

Í sömu grein fjallar Kristján um norræna skoðanakönnun sem framkvæmd var hér á landi snemma árs 2002. Þátttakendur voru 801 talsins, 412 karlar og 389 konur, og var könnunin framkvæmd símleiðis. Spurt var hversu sammála þátttakendur væru þeirri fullyrðingu að búa ætti til ný íslensk orð í staðinn fyrir ensku orðin sem koma inn í málið og reyndust 64% vera algjörlega eða frekar sammála því en aðeins 24% voru frekar eða algjörlega ósammála. Einnig reyndust 60% þátttakenda vera algjörlega eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að notuð væru of mörg ensk orð í íslensku og dró Kristján þá ályktun að „[h]in íslenska hefð að sporna gegn of mikilli notkun erlendra orða og búa frekar til ný íslensk orð [virtist] því njóta trausts meirihlutafylgis meðal þjóðarinnar“ (Kristján Árnason 2005:110). Í umfjöllun Kristjáns er þátttakendum einnig skipt í aldurshópa (yngri en 30 ára, 30–44 ára, 45–59 ára og eldri en 60 ára), yngstu þátttakendur 16 ára og þeir elstu 75 ára, og niðurstöður flokkaðar eftir því. Áhugaverðan mun má greina á svörum miðað við þessa flokkun þar sem 85% af elsta hópnum eru frekar eða algjörlega sammála því að búa eigi til íslensk nýyrði í stað enskra orða en aðeins 52% af þeim yngstu eru sama sinnis.

Innan sömu rannsóknar tók Hanna Óladóttir (2005, 2007) viðtöl við 24 Íslendinga á aldrinum 27–36 ára og í þeim áttu þátttakendur að

bregðast við sömu staðhæfingu og hér að ofan, „[þ]að á að búa til ný íslensk orð í staðinn fyrir ensku orðin sem koma inn í málið“ (Hanna Óladóttir 2007:125). Átján þátttakendur (u.þ.b. 75%) voru sammála, einn þátttakandi hlutlaus og fimm voru ósammála (u.þ.b. 21%) og reyndust þeir sem voru ósammála ekki endilega á móti myndun nýyrða heldur þótti þeim fullsterkt til orða tekið með sögninni „eiga“.

Í umfjöllun Kristjáns (2005:112–113) má einnig finna niðurstöður úr svokölluðum orðnotkunarspurningum þar sem spurt var um þrjú orðapör þar sem annað orðið er íslenskt nýyrði en það síðara enskt aðkomuorð um sama fyrirbæri. Orðapörin þrjú voru valin út frá aldri innlendu orðanna og voru þau, í lækkandi aldursröð, *lífoörður* – *bodyguard*, *hönnun* – *design* og *tölvupóstur* – *e-mail*. Þátttakendur voru beðnir að svara því, fyrir hvert par fyrir sig, hvort orðið þeir myndu frekar nota og bentu niðurstöðurnar til þess að nokkuð mikill munur væri á milli orðaparanna. Eldri nýyrðin *lífoörður* og *hönnun* reyndust allt að því einráð með rúmlega 94% fylgi en í tilviki orðanna *tölvupóstur* og *e-mail* voru hlutföllin mun jafnari, 46,7% gegn 42,6% auk þess sem 10,7% sögðust nota bæði orðin. Þær niðurstöður gefa til kynna að mögulega hafi aldur nýyrðanna þar einhver áhrif en eins og Kristján bendir á virðast aðrir félagsfræðilegir þættir, s.s. aldur og kyn þátttakenda, jafnframt hafa áhrif. Bilið á milli orðanna *tölvupóstur* og *e-mail* er t.d. langbreiðast hjá yngsta aldurshópnum þar sem 70% segjast nota seinna orðið en aðeins 20,5% það fyrra og þeir þátttakendur virðast jafnframt líklegri en aðrir til að nota aðkomuorðin *bodyguard* og *design* þótt hlutföllin séu enn fremur lág.

Hanna lagði jafnframt fyrir sína þátttakendur nokkur pör orða þar sem annað orðið var enskt aðkomuorð en hitt íslenskt nýyrði yfir sama fyrirbæri. Hún skipti spurningunni í þrennt eftir því hvort hún taldi íslenska orðið vera algengara eða útbreiddara í íslensku málsamfélagi en það enska (dæmi: *hugbúnaður* – *software*), bæði orðin vera jafnalgeng (dæmi: *stafrænn* – *digital*) eða enska orðið algengara en það íslenska (dæmi: *húðmjólk* – *lotion*). Í öllum hópunum þremur voru þátttakendur, sem voru algjörlega eða frekar sammála því að nota ætti íslenska orðið, fleiri en þeir sem voru frekar eða algjörlega ósammála þó að greinilega kæmi fram munur eftir því hversu algeng og útbreidd orðin þóttu vera. Þegar íslenska orðið var talið algengara voru 18 af 24 þátttakendum (75%) algjörlega eða frekar sammála því að nota ætti íslenska orðið en aðeins einn þátttakandi var því ósammála. Þegar íslenska orðið og samsvarandi enskt orð þóttu jafnalgeng töldu 15 þátttakendur (62,5%) að íslenska orðið ætti að hafa vinninginn en

Þegar enska orðið þótti algengara var sama hlutfall ekki nema 9 af 24 (37,5%). Þó ber að hafa í huga að í þessum síðasta flokki voru 10 manns (41,7%) hlutlausir svo fæstir voru frekar eða algjörlega ósammála því að nota ætti íslenska orðið (Hanna Óladóttir 2007:120–121).

Hátt hlutfall hlutlausra í því tilviki þar sem enska orðið var talið algengara en það íslenska vakti upp spurningar hjá Hönnu og velti hún því fyrir sér hvort það væri vegna þess að þeir einstaklingar upplifi „togstreitu milli þess sem þeim finnst að eigi að gera, það er að nota íslensku orðin, og svo þess sem er gert, notkun enskra orða“ (Hanna Óladóttir 2007:121). Hún nefndi einnig tilhneigingu þátttakenda til að finna ýmsum nýyrðum allt til foráttu og taldi að það væri jafnvel gert til þess að afsaka eigið notkunarleysi. Þó nefndi hún líka að margir viðmælendanna hafi sýnt hrifningu gagnvart því sem þeir töldu vera góð nýyrði en í því samhengi voru nefnd orð eins og *tólva* og *sjónvarp* (Hanna Óladóttir 2007:122, 125).

Þessar niðurstöður Kristjáns og Hönnu benda ótvírætt til þess að þótt einhverjar blikur hafi mögulega verið á lofti í tengslum við breytt sjónarmið gagnvart sambúð íslensku og ensku hafi almenningur í byrjun þessarar aldar almennt verið hliðhollur myndun nýyrða og notkun þeirra. Og þá liggur beint við að velta því fyrir sér hvernig staðan sé núna, tæpum tveimur áratugum síðar.

3 Rannsóknin

Vorið 2018 setti Tinna Frímánn Jökulsdóttir saman rannsókn fyrir meistararitgerð sína í máltækni þar sem megintilgangurinn var að kortleggja samskipti Íslendinga við stafræna aðstoðarmenn og annars konar raddstýrð tæki. Ritgerðin var unnin innan öndvegisverkefnisins *Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis* sem styrkt er af Rannsóknasjóði Íslands og stjórnað af Sigríði Sigurjónsdóttur og Eiríki Rögnvaldssyni (sjá t.d. Sigríði Sigurjónsdóttur og Eirík Rögnvaldsson 2018, 2019). Rannsóknin var framkvæmd með þeim hætti að vefkönnun, sem að hluta til byggði á spurningum úr fyrrnefndu öndvegisverkefni, var deilt á samfélagsmiðlum og þegar upp var staðið fengust 354 nýtileg svör⁵ frá einstaklingum

⁵ Ákveðið var að til þess að teljast sem nýtilegt svar þyrfti það að innihalda upplýsingar um bæði kyn og aldur og var ástæðan fyrir þeirri ákvörðun tvíþætt. Annars vegar til að hægt væri að vinna niðurstöður út frá aldursskiptingu og hins vegar vegna þess að þær spurningar voru samliggjandi í flokki bakgrunnsspurninga

á aldrinum 15–81 árs (á árinu), 275 konum og 79 körlum.

Nýyrðamyndun og -notkun geta leikið stórt hlutverk í því hversu vel gengur að þýða ýmiss konar hugbúnað á íslensku, hvort sem um er að ræða hugbúnað sem byggir á myndrænu/skriflegu viðmóti eða raddstýringu, og ekki síður í því hvort þær þýðingar séu nothæfar og/eða teknar fram yfir ensku. Í þessu samhengi eru það kannski helst viðhorf málhafa gagnvart myndun og notkun nýyrða sem skipta máli því ef viljinn til að nota slíkar þýðingar er lítill sem enginn, óháð því hvaða ástæða liggur að baki, er markmiðinu með þýðingunni varla náð. Því beindist hluti af rannsókninni að viðhorfum Íslendinga gagnvart sambýli íslensku og ensku í stafrænum heimi og þar á meðal voru tvær spurningar sem sneru að nýyrðum og nýyrðanotkun en þær liggja til grundvallar þessari grein.

Fyrri spurningin var hluti af svokallaðri viðhorfsspurningu þar sem þátttakendur voru beðnir um að meta hversu sammála eða ósammála þeir væru tilteknnum staðhæfingum. Ein staðhæfinganna tengdist nýyrðamyndun sérstaklega, staðhæfingin „það á að búa til ný íslensk orð í staðinn fyrir ensku orðin sem koma inn í málið“, og er hún til umfjöllunar hér.⁶ Svarmöguleikar voru settir fram á fimm stiga kvarða, frá „mjög ósammála“ upp í „mjög sammála“ auk valmöguleikans „vil ekki svara“. Í seinni spurningunni voru tekin fyrir ellefu fyrirbæri sem eru, a.m.k. í einhverri merkingu, tengd tækni og tölvum. Fyrir hvert fyrirbæri var sett upp tveggja orða þar þar sem fyrra orðið er íslenskt nýyrði yfir þetta tiltekna fyrirbæri og það seinna sambærilegt aðkomuorð.⁷ Í þeim tilvikum þar sem fleiri en eitt orð komu til greina var reynt eftir fremsta megni að velja það sem virðist algengast í íslensku málsamfélagi. Þá var litið til ýmissa orðabóka (*Íslensk orðabók* 2007, e.d.; *Íslensk samheitaorðabók* 2012, e.d.; *Slangurorðabókin* e.d.), ýmissa málheilda (*Ritmálssaftn Orðabókar Háskólans*, Steinþór Steingrímsson o.fl. 2018) og gagnasafna sem aðgengileg eru á vefsíðunni *málið.is* auk þess sem stuðst var við óformlega leit á netinu. Þegar kom að vali á fyrirbærum var horft til þess að blanda saman nýrri og eldri tækni um leið og þess var gætt að

sem kom síðast fyrir og líklegt að viðkomandi hafi verið búinn að svara flestum, ef ekki öllum, spurningum fram að því.

⁶ Aðrar staðhæfingar úr sömu viðhorfsspurningu tengjast ekki beint efni greinarinnar og eru því ekki til umfjöllunar.

⁷ Í rannsókninni var talað um „enska heitið“ en líkt og ritrýnir benti réttilega á á það varla við um orð sem notuð eru í íslensku samhengi. Þá á hugtakið „aðkomuorð“ frekar við, orð sem kemur úr öðru máli en er notað í íslensku.

fyrirbærin sem valin voru væru nokkuð þekkt.⁸ Fyrir hvert fyrirbæri voru þátttakendur beðnir um að meta á fimm stiga kvarða hvort algengara væri að þeir notuðu íslenska nýyrðið eða aðkomuorðið auk þess sem þeir gátu valið möguleikana „vil ekki svara“ og „ég þekki ekki hugtakið“.⁹

Þó að reynt væri eftir fremsta megni að setja seinni spurninguna fram með þeim hætti að niðurstöður yrðu sem áreiðanlegastar voru ákveðnir vankantar óumflýjanlegir. Lögð var áhersla á að framsetning yrði eins einföld og skýr og hægt var, fyrst og fremst til að forðast hvers kyns rugling og því var þátttakendum ekki boðið að bæta við eigin orðum. Í einhverjum tilvikum getur því verið að þátttakandi hafi kosið á milli tveggja orða (aðkomuorðs og íslensks nýyrðis) en noti að jafnaði eitthvert annað orð. Eins segja niðurstöður ekki til um hversu oft fólk notar eða talar um viðkomandi fyrirbæri þó að vonir væru bundnar við að valmöguleikinn „ég þekki ekki hugtakið“ myndi a.m.k. ná utan um þá einstaklinga sem aldrei nota þau.

Eins þarf að hafa í huga þá vankanta sem geta fylgt framkvæmd rannsóknarinnar. Vefkönnuninni var að mestu leyti deilt í gegnum samskiptamiðilinn Facebook með hjálp vina og ættingja en að auki voru opnir hópar notaðir til þess að vekja athygli á henni. Þó að heildarfjöldi gildra svara, u.þ.b. 350, sé kannski ekki hátt hlutfall af þjóðinni þá virðist það markmið að ná til fjölbreytts hóps m.t.t. aldurs, kyns, búsetu, atvinnu og menntunar hafa tekist nokkuð vel.¹⁰ Líkt og Fowler (2014) og Best og Harrison (2009) hafa bent á hafa vefkannanir þó bæði kosti og galla. Þeir kostir sem rannsakandi taldi vega þyngst í þessu tilviki eru að með vefkönnunum er tiltölulega auðvelt og fljótlegt að ná til fjölda fólks úr öllum áttum, fólk getur tekið allan þann tíma sem það kys til að svara, hægt er að ná fram fullri nafnleynd svo fólk er óhræddara við að svara sannleikanum samkvæmt og jafnframt er úrvinnsla yfirleitt fljótlegri og áreiðanlegri þegar gögnin eru strax á tölvutæku formi. Til galla má nefna möguleikann á ójafnri dreifingu þátttakenda miðað við ýmsa félagslega þætti, samvinnu þátttakenda eða notkun hjálpargagna og að ekki er hægt að fullu að

⁸ Hér skal tekið fram að lagt var fremur óformlegt mat á þessa þætti þar sem t.d. getur reynt erfitt að tímasetja nákvæmlega upphaf notkunar á tilteknu orði í tiltekinni merkingu, bæði í tal- og ritmáli, sem og að ákvarða útbreiðslu og það hversu algengt það er. Athuganir í vefheimildum voru gerðar í byrjun árs 2018.

⁹ Nánari útfærslu á þeim fimm stiga kvörðum sem notaðir voru í spurningunum má sjá á grófum af niðurstöðum.


¹⁰ Dreifingu þátttakenda m.v. þessa þætti sem og betri umfjöllun um aðferðafræði rannsókna og niðurstöður má finna hjá Tinna Frímann Jökulsdóttur (2018).

koma í veg fyrir misskilning þar sem þátttakandi getur ekki fengið aðstoð ábyrgðarmanns könnunar. Aðrir ókostir eru þeir að vefkönnun takmarkar nokkuð það sem hægt er að spyrja um og það hversu ítarlegar upplýsingar er hægt að fá um einstaka atriði þar sem einfaldleiki og skýrleiki vega þyngra. Til að mynda þótti ekki hægt að taka tillit til framburðar í þessari rannsókn.

Tilgangur þeirra tveggja spurninga sem um er rætt var tvíþættur. Annars vegar var reynt að meta með nokkuð almennum hætti viðhorf þátttakenda gagnvart nýyrðamyndun, óháð því hvort þeir kjósi sjálfir að nota þau. Hins vegar var markmiðið með seinni spurningunni að varpa einhverju ljósi á það hversu algengt það sé í raun að fólk taki íslenskt nýyrði fram yfir samsvarandi aðkomuorð og þá hvort greina megi einhvern mun eftir því um hvaða orðapar er að ræða.

4 Viðhorf gagnvart nýyrðamyndun

Nú má líta á niðurstöður úr fyrri spurningunni sem nefnd var hér að framan, viðhorfsspurningunni, sem sjá má endurtekna á *Mynd 1*. Þar er þátttakendum skipt í þrjá aldurshópa þar sem 87 einstaklingar féllu í hóp 10–30 ára, 127 einstaklingar í hóp 31–50 ára og 128 í hóp 51 árs og eldri. Alls 12 svör voru ógild (ekkert svar) en enginn nýtti sér valmöguleikann „vil ekki svara“.



Mynd 1. Viðhorf þátttakenda gagnvart staðhæfingunni „[þ]að á að búa til ný íslensk orð í staðinn fyrir ensku orðin sem koma inn í málið“, flokkuð eftir aldri. Prósentutölur hægra megin standa fyrir samanlögð hlutföll þeirra sem svöruðu „frekar sammála“ (ljósgræna súlan) eða „mjög sammála“ (dökkgræna súlan). Tölurnar á ásnúnum í miðjunni standa fyrir hlutföll þeirra sem svöruðu „hvorki sammála né ósammála“ og vinstra megin eru samtölur þeirra sem svöruðu „frekar ósammála“ eða „mjög ósammála“.

Líkt og *Mynd 1* sýnir styður mikill meirihluti þátttakenda myndun


íslenskra nýyrða. Þar kemur fram að 91% þátttakenda í hópi 51 árs og eldri eru frekar eða mjög sammála staðhæfingunni „það á að búa til ný íslensk orð í staðinn fyrir ensku orðin sem koma inn í málið“, 84% í hópi 31–50 ára og 77% í hópi 10–30 ára. Einnig er áhugavert að sjá að í öllum aldurshópum taka fleiri sterka afstöðu með „mjög sammála“ í stað veikari afstöðu með „frekar“. Þetta mætti túlka svo að almennur samhljómur sé innan allra aldurshópa um mikilvægi nýyrðamyndunar, jafnvel þótt hlutfallið lækki aðeins með lækkandi aldri og helst megi greina skýra afstöðu gegn nýyrðamyndun í yngsta aldurshópnum (þó eru aðeins 5,7% mjög ósammála). Munurinn á milli hópa 10–30 ára og 31–50 ára reyndist ekki marktækur (Mann-Whitney U-próf, p-gildi = 0,2246) en munurinn var marktækur á milli hópa 10–30 ára og 51 árs og eldri (p-gildi = 0,0036) og hópa 31–50 ára og 51 árs og eldri (p-gildi = 0,0492)¹¹. Tekið skal fram að þetta jákvæða viðhorf veitir enga fullvissu um að þátttakendur noti íslensk nýyrði heldur má frekar draga þá ályktun að þeir séu líklegri til þess.

Þessar niðurstöður ríma ágætlega við áður nefndar niðurstöður Kristjáns Árnasonar (2005) og Hönnu Óladóttur (2007) og benda í raun til enn jákvæðara viðhorfs gagnvart nýyrðamyndun en áður, ekki síst hjá yngri þátttakendum. Heildarhlutfall þeirra, án aldursflokunar, sem eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni er tæplega 85% á móti 64% úr niðurstöðum Kristjáns og 75% úr niðurstöðum Hönnu. Yngsti aldurshópurinn hér, þar sem hlutfall jákvæðra svara er 77%, samsvarar yngsta aldurshóp Kristjáns þar sem samsvarandi hlutfall er ekki nema 52%. Svo virðist sem aukin ítök ensku hafi jafnvel eflt vilja Íslendinga til að viðhalda og hlúa að málinu sínu, jafnt hjá ungum sem öldnum. Í kjölfarið af þessu er áhugavert að kanna hvort niðurstöðurnar á *Mynd 1*, sem eins og áður sagði sýna viðhorf 342 þátttakenda gagnvart nýyrðamyndun, séu í takt við raunverulega notkun þeirra á íslenskum nýyrðum. Það er, er hlutfall á raunnotkun þátttakenda á íslenskum nýyrðum í takt við þá skoðun meirihlutans að búa eigi þau til og ef ekki er þá einhver munur á því um hvaða orðapar ræðir?

¹¹ Við útreikninga á marktækni voru sett inn tölugildi fyrir svarmöguleikana fimm, frá 1 fyrir „mjög ósammála“ upp í 5 fyrir „mjög sammála“. Út frá þessum gildum voru svo U-gildi og meðaltöl reiknuð.

5 Notkun íslenskra nýyrða

Nú skal litið á niðurstöður úr spurningunni um raunverulega notkun nýyrða en grafið á Mynd 2 sýnir öll þau orðapör sem nefnd voru.



Mynd 2. Niðurstöður fyrir öll orðapörin ellefu, án aldursflokkanar.

Á Mynd 2 sést að augljós munur er á því hvort þátttakendur segjast nota íslenska nýyrðið eða samsvarandi aðkomuorð eftir því um hvaða orðapar er að ræða. Niðurstöður benda því ekki til þess að fólk skiptist í fylkingar á grundvelli uppruna orðanna, þ.e.a.s. noti alltaf íslenskt nýyrði eða alltaf samsvarandi aðkomuorð, heldur virðast aðrir þættir skipta meira máli og þá mögulega einhverjir þeirra sem nefndir voru í kafla 2 og vikið verður betur að hér á eftir. Í tilvikum íslenskra nýyrða eins og *lyklaborð*, *snjallsjónvarp*, *deila*, *lykilorð* og *tölvupóstur* segjast þátttakendur taka þau fram yfir samsvarandi aðkomuorð í 55%–98% tilvika og eru þeir sem svara „ég nota alltaf íslenska heitið“ alltaf jafn margir eða fleiri en þeir sem velja „ég nota yfirleitt íslenska heitið“. Í tilvikum nýyrða eins og *myndband* og *vafri* er skiptingin mun jafnari, þó að íslenska eigi reyndar enn vinninginn en aðkomuorðin taka svo yfir í tilvikum nýyrða eins og *skjáskot*, *myllumerki*, *sjálfsmynd* og *smáforrit*.

Þá er áhugavert að sjá að í þeim tilvikum þar sem enskan hefur yfirburði tóku fleiri þátttakendur þó vægari afstöðu með aðkomuorðinu, með svarinu „ég nota yfirleitt enska heitið“ í stað „ég nota alltaf enska heitið“ sem er þá, eins og áður hefur komið fram, öfugt við þau tilvik þar sem íslenskan hefur yfirburði. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af þessu mynstri en þó má velta því fyrir sér

hvort það geti með einhverjum hætti tengst ákveðinni togstreitu hjá þátttakendum sem nota sjálfir frekar aðkomuorðið en eru mögulega þeirrar skoðunar að betra eða réttara væri að nota nýyrðið, sbr. áður- nefnda umfjöllun Hönnu Óladóttur.

Fyrirbæri	„Ég þekki ekki hugtakið“	„Vil ekki svara“ eða svaraði ekki	Aðrir svarmögu- leikar
smáforrit – app	3	15	336
sjálfsmynd – selfie	1	14	339
myllumerki – hashtag	12	21	321
skjáskot – screenshot	6	12	336
vafri – browser	3	24	327
myndband – video	0	11	343
snjallsjónvarp – smart TV	24	26	304
tölvupóstur – e-mail	0	7	347
lykilorð – password	0	11	343
deila – share	2	10	342
lyklaborð - keyboard	1	4	349

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda á bakvið hvern svarmöguleika fyrir hvert orðapar.

Í *Töflu 1* má sjá fjölda þátttakenda á bakvið svarmöguleikana fyrir hvert orðapar. Þar sést að niðurstöðurnar á *Mynd 2* byggja á 304–349 svörum en fyrir hvert orðapar voru alltaf einhverjir þátttakendur sem kusu að svara ekki og stundum einhverjir sem ekki þekktu fyrirbærið. Í öllum tilvikum nema tveimur voru þeir sem ekki þekktu fyrirbærið undir 2% af heildarfjölda svara svo ljóst er að slíkt var ekki algengt. Aftur á móti voru hlutföllin aðeins hærri þegar spurt var um *myllumerki – hashtag* og *snjallsjónvarp – smart TV*, 3,4% og 6,8%, og í báðum tilvikum kom u.p.b. helmingur þeirra þátttakenda úr hópi 51 árs og eldri. Það má sennilega telja eðlilegt í ljósi þess að um tiltölulega ný fyrirbæri er að ræða og þau því líklegri en önnur til að vera ekki á allra vitorði.¹²

¹² Fyrsta myllumerkið, í þeirri notkun sem þekkt er á samfélagsmiðlum, hefur

Þar sem niðurstöðurnar á *Mynd 2* benda til þess, eins og áður sagði, að val á heitum fyrir þessi tilteknu fyrirbæri sé ekki bundið uppruna þeirra (þ.e.a.s. hvort um sé að ræða íslenskt nýyrði eða aðkomuorð) virðist ástæðan fyrir því að sum íslensk nýyrði njóta vinsælda og önnur ekki liggja í öðrum þáttum, t.d. einhverjum þeirra sem nefndir voru í 2. kafla líkt og aldri, útbreiðslu eða tegund.

Íslenska nýyrðið vinsælla		Aðkomuorðið vinsælla	
Nýyrði	Tegund	Nýyrði	Tegund
Lyklaborð	Tökuþýðing	Smáforrit	Samsett nýyrði
Deila	Tökumerking	Sjálfsmynd	Upprunalega tökuþýðing (sbr. e. <i>self-portrait</i> og d. <i>selvportræt</i>). Svipuð merking í raun og áður en ný notkun með tilkomu nýrrar tækni (nýmerking) → sbr. e. <i>selfie</i> .
Lykilorð	Tökuþýðing ættað úr dönsku (<i>nøgleord</i>) eða ensku (<i>keyword</i>). Síðar nýmerking í nýrri notkun (tökumerking).		
Snjallsjónvarp	Sjónvarp = samsett nýyrði → Snjallsjónvarp = tökuþýðing		
Tölvupóstur	Samsett nýyrði	Myllumerki	Samsett nýyrði
Íslenska nýyrðið vinsælla en lítill munur		Aðkomuorðið vinsælla en lítill munur	
Nýyrði	Tegund	Nýyrði	Tegund
Vafri	Vafra (so.) = nýmerking → Vafri = afleiðsla	Skjáskot	Tökuþýðing
Myndband	Samsett nýyrði		

Tafla 2. Tegund íslensku nýyrðanna (í tæknitengdri merkingu) m.v. þær aðferðir sem Guðrún Kvaran (2005:105) telur algengastar.

Í *Töflu 2* er gerð tilraun til að ákvarða tegund nýyrðanna sem um ræðir út frá áður nefndum fimm aðferðum. Eins og sést eru nýyrðin af ýmsum tegundum, þá helst tökuþýðingar, nýmerkingar og samsett nýyrði, og dreifa ólíkar tegundir sér nokkuð jafnt yfir flokkana í *töflu 2*. Því er varla hægt að greina skýrt samband á milli tegundar ný-

stundum verið eignað Chris Messina en hann notaði það í fyrsta skiptið á samfélagsmiðlinum Twitter árið 2007 (sjá t.d. van den Berg 2014). Erfiðara er að tíma-setja komu fyrsta snjallsjónvarpsins, í þeirri mynd sem við þekkjum það í dag, en líklega má setja upphafspunkt við upphaf snjalltækjabyltingarinnar sem oft er talin hafa hafist árið 2007 þegar fyrsti Iphone síminn kom á markað (Apple 2007).

yrðis og vinsælda þess en hér þarf þó að hafa í huga að um er að ræða frekar fá orðapör og sennilega þyrfti fleiri til svo greina mætti eitthvert mynstur.

Næst má velta því fyrir sér hvort greina megi áhrif þess að tiltekin nýyrði séu sjáanlegri eða meira áberandi en önnur. Til dæmis má bera saman nýyrðin *lykilorð* og *lyklaborð* en þó að þau séu bæði vinsælli en samsvarandi aðkomuorð er töluverður munur á niðurstöðum, 98% þátttakenda nota alltaf eða yfirleitt orðið *lyklaborð* en aðeins 59% *lykilorð*. Nú eru þessi orð nokkuð keimlík og sennilega bæði tökuþýðingar að uppruna þótt merking orðsins *lykilorð* hafi breyst og víkkað eilítið meira en merking orðsins *lyklaborð* með tímanum. Bæði orðin hafa verið til í málinu frá fyrri hluta síðustu aldar¹³ og líklega svipað lengi í tölvutengdri merkingu þar sem hugtökin hafa bæði fylgt fyrstu tölvunum. Skýringuna á muninum á vinsældum þessara nýyrða má mögulega finna í sýnileika þeirra eða öllu heldur sýnileika aðkomuorðanna. Notendur Internetsins og snjalltækja þurfa í sífellu að slá inn hvers kyns lykilorð og þar sem viðmót algengra vefsíða og smáforrita eru oft á ensku er enska heitið eða aðkomuorðið, *password*, mjög sýnilegt sem eykur samkeppni við íslenska nýyrðið. Líklega ber hlutinn *lyklaborð*, í tölvutengdri merkingu, sjaldnar á góma, hvort sem er á ensku eða íslensku, og því eru áhrif aðkomuorðsins sennilega minni.


Mögulega má tengja góðar viðtökur nýyrðisins *snjallsjónvarp*, sem nú er nokkuð nýlega komið á markað, við tvennt; annars vegar er nýyrðið *sjónvarp* mjög rótgróið í íslensku málsamfélagi og hins vegar mátti greina gríðarlega aukningu í auglýsingum á slíkum tækjum, þar sem íslenska nýyrðið var notað, í aðdraganda heimsmeistaramótsins í fótbolta 2018 um svipað leyti og rannsóknin sem hér er kynnt fór fram. Ástæðan fyrir því hversu lítilla vinsælda nýyrðið *smáforrit* nýtur má mögulega rekja til tveggja ástæðna; skorts á sýnileika umfram aðkomuorðið *app* og þess að það gæti hafa orðið til of seint, þ.e.a.s. eftir að aðkomuorðið *app* var orðið rótgróið í málinu og t.a.m. búið að aðlagast íslensku beygingakerfi vel. Við leit í *Risamálheildinni* fást tæplega sjö þúsund niðurstöður ef leitað er að öllum orðmyndum aðkomuorðsins *app* (m.a. úr Alþingisræðum, dómum og fjölmiðlum) en aðeins rúmlega tvö þúsund niðurstöður fyrir nýyrðið *smáforrit*.

¹³ Við leit á vefnum *Tímarit.is* var elsta dæmið um orðið *lyklaborð* frá árinu 1914 en þó aðeins þrjú dæmi fyrir 1950 og varla um neinn fjölda að ræða fyrr en á áttunda áratugnum. Elsta dæmið um *lykilorð* er frá árinu 1931 en þau eru fá fram á sjöunda áratuginn. Að sjálfsgöðu er ekki um að ræða tölvutengda merkingu fyrst um sinn.

5.1 Notkun nýyrða með tilliti til aldursflokkanar

Nú skal litið á niðurstöður með tilliti til aldurs en á myndum 3–6 má sjá niðurstöður sömu spurningar þar sem búið er að skipta þátttakendum í aldurshópa. Þar má greina a.m.k. tvö mynstur sem hvort á við nokkur orðapör. Því fyrra má lýsa með eftirfarandi hætti (myndir 3–4):


- Allir aldurshópar hneigjast í sömu átt fyrir tiltekið orðapar, þ.e.a.s. annað hvort hefur íslenska vinninginn hjá öllum aldurshópum eða enska.
- Þó er súlan fyrir aðkomuorðið yfirleitt lengst hjá yngsta aldurshópnum og þar eru þátttakendur einnig líklegri en aðrir til að taka sterkari afstöðu með ensku (með valmöguleikanum „ég nota alltaf enska heitið“). Með sama hætti er súlan fyrir íslenska nýyrðið yfirleitt lengst hjá elsta aldurshópnum og þar eru þátttakendur einnig líklegri en aðrir til að taka sterkari afstöðu með íslensku.



Mynd 3. Niðurstöður fyrir orðapörin *deila – share*, *tölvupóstur – e-mail* og *lykilorð – password*, flokkaðar eftir aldri.


Fyrir Mynd 3 má taka orðaparið *deila – share* sem dæmi en meirihluti þátttakenda segist yfirleitt eða alltaf nota íslenska nýyrðið, óháð aldurshópi. Hlutfall þeirra sem velja ensku er þó hæst hjá yngsta aldurshópnum og þar er einnig hæst hlutfall þeirra sem taka afgerandi afstöðu með „alltaf enska heitið“. Öfugt við það er hæst hlutfall þeirra sem nota íslenska nýyrðið, ýmist alltaf eða yfirleitt, í elsta aldurshópnum og þeir þátttakendur taka einnig helst afgerandi

afstöðu með íslensku. Sama mynstur sést hjá þörunum *tölvupóstur – e-mail* og *lykilorð – password* sbr. *Mynd 3*.



Mynd 4. Niðurstöður fyrir orðapörin *snjallsjónvarp – smart TV*, *smáforrit – app* og *lyklaborð – keyboard*, flokkaðar eftir aldri.

Eins og sést á *Mynd 4* fylgja niðurstöður fyrir orðapörin *snjallsjónvarp – smart TV* og *smáforrit – app* einnig þessu mynstri en þó með smá frávikum. Í tilviki nýyrðisins *snjallsjónvarp* er lítill sem enginn munur á „íslensku súlunni“ eftir aldurshópum og í raun fer hlutfall þeirra sem kjósa að nota það frekar en aðkomuorðið hækkandi um 1% með lækkandi aldri. Í tilviki orðaparsins *smáforrit – app* er frávikandi frá áður nefndum orðapörum fólgið í því að allir aldurshópar taka aðkomuorðið fram yfir það íslenska. Á *Mynd 4* má einnig sjá niðurstöður fyrir orðaparið *lyklaborð – keyboard* sem sker sig frá öllum öðrum orðapörum að því leytnu til að nánast enginn (0%–1%) segist yfirleitt eða alltaf nota aðkomuorðið og jafnframt eru fáir (1%–2%) sem segjast nota nýyrðið til jafns við aðkomuorðið. Með öðrum orðum segjast 97%–98% þátttakenda yfirleitt eða alltaf nota íslenska nýyrðið og það sem meira er, 89%–93% taka sterka afstöðu með svarinu „ég nota alltaf íslenska heitið“.




Mynd 5. Niðurstöður fyrir orðapörin skjáskot – screenshot, myllumerki – hashtag og vafri – browser, flokkaðar eftir aldri.

Á Mynd 5 má sjá seinna mynstrið sem kemur fram hjá orðapörunum skjáskot – screenshot, myllumerki – hashtag og vafri – browser. Í þessum dæmum hneigist elsti aldurshópurinn alltaf í átt að íslensku (52%–62%) og um leið taka fleiri þátttakendur í þeim hópi sterka afstöðu með íslensku en veika og öfugt þegar kemur að ensku. Yngsti aldurshópurinn hneigist aftur á móti í öllum tilvikum að ensku (41%–84%) og virðast yngstu þátttakendurnir um leið líklegri, þó að munurinn sé fremur lítill, til að taka sterkari afstöðu með ensku kjósi þeir ensku en veikari með íslensku verði hún fyrir valinu. Hópur 31–50 ára lendir í öllum dæmunum þarna á milli; í fyrri dæmunum tveimur kjósa fleiri aðkomuorðið (55% og 62%) en í síðasta dæminu kjósa fleiri íslenska nýyrðið (37%). Þátttakendur í þeim hópi taka frekar veikari afstöðu með ensku en sterka, en í tilviki íslensku er slíkur munur minni eða enginn.

Ef litið er á niðurstöðurnar fyrir orðaparið myllumerki – hashtag (á Mynd 5) er nokkuð merkilegt að sjá að í elsta aldurshópnum segjast 53% yfirleitt eða alltaf nota íslenska nýyrðið en 17% segjast yfirleitt eða alltaf nota aðkomuorðið. Eins og áður sagði er hugtakið, í þeirri mynd sem þekktust er í dag, nokkuð nýlegt og enska heitið þar að auki nokkuð sýnilegt, t.d. á vefsíðum og samfélagsmiðlum. Því hefði jafnvel mátt búast við að enskan hefði yfirhöndina, sem hún reyndar gerir þegar litið er á niðurstöðurnar án aldursflokunar, sbr. Mynd 2, sem og hjá hinum aldurshópunum tveimur. Mögulega má leita

skýringa í þeim mun sem virðist vera á því hvaða afþreyingu fólk kys eftir aldri. Samkvæmt niðurstöðum fyrrnefnds öndvegisverkefnis (sjá t.d. Dagbjörtu Guðmundsdóttur 2018:58–63) virðist eldra fólk t.d. horfa töluvert meira á íslenskar sjónvarpsstöðvar en yngri kynslóðirnar sem sækja frekar í hvers kyns efnisveitur, efni af netinu eða efni í ýmiss konar smáforritum sem aðallega er á ensku. Þar af leiðandi er líklegt að kynni yngri þátttakenda af hugtakinu *myllumerki* – *hashtag* séu mestmegnis á ensku og því ekki óeðlilegt að aðkomuorðið festist frekar í minni. Eldri þátttakendur eru aftur á móti líklegri til að horfa hlutfallslega meira á íslenskt efni, t.d. á íslenska fjölmiðla, þar sem íslenska nýyrðið ber án efa oftár á góma.

Niðurstöðurnar á *Mynd 5* geta bent til aldursbindingar (e. *age grading*) eða málbreytingar á milli kynslóða (e. *generational change*) (sjá umfjöllun Wagner 2012). Ef fyrra tilvikið, aldursbinding, á við þýðir það að sú tilhneiging yngstu þátttakendanna til að velja aðkomuorðið sé bundin aldri og muni líklega eldast af þeim. Það er, eftir því sem þátttakendur eldast því líklegri séu þeir til að færa sig úr aðkomuorðinu yfir í íslenska nýyrðið. Næstu kynslóðir myndu svo gera slíkt hið sama, kjósa aðkomuorðið á ákveðnum aldri en taka svo upp íslenska nýyrðið þegar þeir eldast. Í seinna tilvikinu, málbreytingum á milli kynslóða, væri hins vegar um að ræða varanlegri breytingu þar sem þátttakendurnir í yngri aldurshópunum, sem nú velja oftár aðkomuorð, munu halda því áfram og líklega bera það val áfram til næstu kynslóða. Smátt og smátt gætu því íslensku nýyrðin dáið út þegar fækkar í eldri kynslóðum.



Mynd 6. Niðurstöður fyrir orðapörin *sjálfsmýnd* – *selfie* og *myndband* – *video*, flokkaðar eftir aldri.

Niðurstöður fyrir síðustu hugtökin tvö má sjá á *Mynd 6* en þar sést að þau fylgja ekki áðurnefndum mynstrum. Þau eiga það sameiginlegt að þátttakendur á aldrinum 31–50 ára lenda ekki á milli hinna hópanna tveggja eins og í öllum hinum dæmunum heldur teygir þeirra súla sig lengst í átt að aðkomuorðunum, lengra en súla yngsta aldurshópsins. Líkt og ritrýnir benti á var sennilega óheppilegt að nota orðið *sjálfsmynd* á móti aðkomuorðinu *selfie* af ýmsum ástæðum. Líklega er nýyrðið *sjálfa* algengara í þessu samhengi, þó að *sjálfsmynd* sé vissulega notað líka, auk þess sem orðið *sjálfsmynd* hefur fleiri merkingar sem gæti hafa skekkt niðurstöður. Í tilviki orðaparsins *myndband – video* má mögulega tengja þetta við það tímabil sem vídeospólur og vídeóleigur nutu vinsælda, sérstaklega hjá börnum og unglingum. VHS myndbandsspólur komu fyrst á markað í Japan 1976 (Cusumano o.fl. 1992:51) og voru nánast einráðar á markaði þar til DVD mynddiskarnir komu til sögunnar í kringum 1995 (de Laat 1999). Á tímum vídeospólunnar voru elstu þátttakendurnir í aldurshópi 31–50 ára á aldrinum u.þ.b. 10–30 ára og þeir yngstu orðnir u.þ.b. 10 ára þegar DVD tók við hér á landi svo ekki er ólíklegt að aðkomuorðið *video* sé þeim tamara en þeim sem yngri eru. Hér má benda á að orðið var stafsett með enskum hætti í könnuninni, líkt og virðist algengt á t.d. helstu samfélagsmiðlum, en aðlagður ritháttur, *videó*, er einnig í notkun. Líklega hafa þátttakendur sem nota þann rithátt þó frekar valið *video* en *myndband*.

Nú hafa verið reifaðar ýmsar skýringar á því hvers vegna sum tækninýyrði hafa náð betri fóttfestu í íslensku málsamfélagi en önnur. Allt eru þetta aðeins tilgátur sem erfitt er að sanna eða átla með nákvæmni þar sem margar skýringar geta átt við eitt og sama orðaparið. Hér hefur aðeins gefist ráðrúm til að ræða einstaka dæmi auk þess sem aðrar mögulegar skýringar eru enn óræddar. Til að mynda má nefna að í rannsókninni var hvorki gerður greinarmunur á tal- og ritmáli né fjallað um ólíkar ritmyndir eða framburð auk þess sem aðkomuorðin hafa aðlagast íslensku beygingakerfi misvel. Aftur á móti má vera ljóst að íslensk nýyrði ná ekki vinsældum fyrir þær sakir einar að vera íslensk. Aðrir þættir virðast þurfa að koma til og t.a.m. virðist skipta töluverðu máli að nýyrðið sé myndað sem fyrst eftir að fyrirbærið/hugtakið berst til landsins, að því sé komið á framfæri og það sé sem flestum sýnilegt.

6 Niðurlag

Í þessari grein er gefið yfirlit yfir niðurstöður úr nýlegri rannsókn á viðhorfum gagnvart íslenskum nýyrðum og aðkomuorðum og notkun á nokkrum slíkum orðapörum sem tengjast tölvum og tækni. Hvað viðhorf varðar kom í ljós að mikill meirihluti þátttakenda styður myndun íslenskra nýyrða og tóku fleiri sterka afstöðu með þeim en veika. Slíkan samhljóm mátti finna í öllum aldurshópum þó að hlutfallið lækki aðeins með lækkanði aldri. Einna áhugaverðast við samanburð þessara niðurstaðna við áður nefnda umfjöllun Kristjáns Árnasonar (2005) og Hönnu Óladóttur (2007) er sú staðreynd að þessar nýju niðurstöður sýna jafnvel enn jákvæðara viðhorf gagnvart nýyrðamyndun en eldri rannsóknir. Eins og Kristján nefnir í grein sinni mætti velta því fyrir sér hvort aukin alþjóðavæðing geti haft þau áhrif að íslenska skipti nú minna máli í sjálfsmynd Íslendinga en áður. Niðurstöðurnar sem Kristján fjallaði um bentu ekki til þess að svo væri raunin á meðal almennings en nú, tæpum tveimur áratugum síðar, ætti að vera farið að bera á slíkum áhrifum séu þau væntanleg. Svo virðist þó ekki vera.

Þegar kemur að notkun nokkurra íslenskra nýyrða er samhljómurinn þó ekki alveg jafn skýr. Greina má augljósan mun á því hvort þátttakendur segjast nota íslenska nýyrðið eða aðkomuorð eftir því um hvaða fyrirbæri/orðapar er að ræða og af því má draga þá ályktun að uppruni orðanna, þ.e.a.s. hvort orðið sé íslenskt nýyrði eða enskt að uppruna, liggi ekki til grundvallar orðavali. Þegar litið er á niðurstöður án aldursflokunar kemur í ljós að yfirleitt tekur meira en helmingur þátttakenda, sem velja íslensku hverju sinni, sterka afstöðu með íslensku en því er öfugt farið með aðkomuorðin þar sem þeir sem þau velja virðast þá líklegri til að taka veika afstöðu. Mögulegt er að tengja þetta við einhvers konar togstreitu milli þess sem fólki, sem kys frekar aðkomuorð, finnst að það eigi að gera, þ.e.a.s. nota íslensk nýyrði og þess sem það raunverulega gerir.

Þar sem uppruni orðanna virðist ekki liggja til grundvallar vali fólks var gerð tilraun til að leita skýringa í öðrum þáttum. Myndun nýyrðanna virðist ekki hafa merkjanleg áhrif en þó þarf líklega fleiri en ellefu orðapör til að leggja mat á það. Niðurstöður Kristjáns og Hönnu benda m.a. til þess að aldur nýyrðanna og það hversu algeng þau eru skipti máli sem og aldur málnotenda og virðist það í einhverjum tilvikum í samræmi við þær niðurstöður sem eru birtar hér. Aðrar skýringar voru reifaðar í tengslum við einstaka dæmi og

þó að varla sé hægt að færa sönnur á eitt né neitt í þessu samhengi virðast ýmsir þættir líklegir til að hafa áhrif á lífslíkur og vinsældir nýyrða, s.s. magn og vettvangur sýnileika og það hversu snemma þau koma inn í málið.

Þegar niðurstöður eru flokkaðar eftir aldri sést einnig skýr munur á aldurshópum varðandi skiptingu í veika og sterka afstöðu. Þannig eru þátttakendur yngsta aldurshópsins yfirleitt líklegastir til að taka sterka afstöðu með enska orðinu og þátttakendur elsta aldurshópsins líklegastir til að taka sterka afstöðu með íslenska orðinu. Greina má tvö meginmynstur í niðurstöðunum þó að nokkur orðapör standi utan þeirra. Annars vegar hneigjast allir aldurshópar í sömu átt (þ.e.a.s. annað hvort að íslenska nýyrðinu eða samsvarandi aðkomuorði) en þó þannig að súlan í átt að ensku er lengst hjá yngsta aldurshópnum og súlan í átt að íslensku lengst hjá elsta aldurshópnum. Hins vegar eru nokkur dæmi um að elsti aldurshópurinn taki nokkuð sterka afstöðu með íslensku á sama tíma og yngsti aldurshópurinn tekur með sambærilegum hætti sterka afstöðu með ensku en þriðji aldurshópurinn lendir þar á milli. Mögulega er um að ræða aldursbundna tilhneingingu til að nota aðkomuorð og þá munu þessir þátttakendur líklega taka upp íslensku nýyrðin þegar fram líða stundir. Líklega þarf meiri áhyggjur að hafa af því ef þetta reynist vísir að málbreytingu í þá átt að enska heitið/aðkomuorðið taki alveg yfir íslenska nýyrðið þegar þessi kynslóð vex úr grasi.

Jákvætt viðhorf gagnvart nýyrðamyndun, yfirburðir meirihluta þeirra íslensku nýyrða sem athuguð voru gagnvart samsvarandi aðkomuorðum og sú tilhneiging þátttakenda til að taka frekar sterka afstöðu með íslensku, ef þeir á annað borð nota íslenska nýyrðið, benda þó til jákvæðs viðhorfs gagnvart íslensku og styrkja án efa lífvænleika íslenskrar tungu. Þátttakendur virðast tilbúnir til að taka íslenskum nýyrðum opnum örmum ef ákveðnum skilyrðum er mætt og því má telja mikilvægt að efla bæði hraða nýyrðamyndunar og útbreiðslu íslenskra nýyrða.

Heimildir

- Apple. 2007. Apple reinvents the phone with iPhone. <https://www.apple.com/newsroom/2007/01/09Apple-Reinvents-the-Phone-with-iPhone/> (apríl 2019).
- Ari Páll Kristinsson. 2017. *Málheimar: Sitthvað um málstefnu og málnotkun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Ágústa Þorbergsdóttir. 2011. Nýyrði. Í: Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstj.). *Handbók um íslensku*, bls. 333–339. Reykjavík: JPV.
- Árni Böðvarsson. 1964. Viðhorf Íslendinga til móðurmálsins fyrr og síðar. Í: Halldór Halldórsson (ritstj.). *Þættir um íslenskt mál eftir nokkra íslenska málfræðinga*, bls. 177–200. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Ásta Svavarsdóttir. 2011. Orð af erlendum uppruna. Í: Jóhannes B. Sigtryggsson (ritstj.). *Handbók um íslensku*, bls. 340–348. Reykjavík: JPV.
- Ásta Svavarsdóttir. 2017. „annaðhvort með dönskum hala eða höfði, enn að öðru leiti íslenskt“: Um tengsl íslensku og dönsku á 19. öld og áhrif þeirra. *Orð og tunga* 19:41–76.
- Best, Samuel J. og Chase H. Harrison. 2009. Internet survey methods. Í: Leonard Bickman og Debra J. Rog (ritstj.). *The SAGE handbook of applied social research methods* (2. útgáfa), bls. 413–434. Los Angeles: SAGE Publications.
- Bjarni Vilhjálmsson. 1944. Nýyrði í Stjórnfræði Ursins. *Skírnir* 118.1:99–130.
- Björn M. Ólsen. 1916. Aldarafmælishátíð hins íslenska bókmenntafelags 1816 – 15. ágúst – 1916. Í: Páll Eggert Ólason (ritstj.). *Hið íslenska bókmenntafélag 1816–1916: Minningarrit aldarafmælisins 15. ágúst 1916*, bls. 187–209. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Cusumano, Michael, Yiorgos Mylonadis og Richard Rosenbloom. 1992. Strategic Maneuvering and Mass-Market Dynamics: The Triumph of VHS over Beta. *The Business History Review* 66.1:51–94.
- Dagbjört Guðmundsdóttir. 2018. *Aldursbundin þróun stafræns ílags í málsambýli íslensku og ensku: Kortlagning á umfangi, eðli og áhrifsþreutum*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/29954> (apríl 2019).
- de Laat, Paul. 1999. Systemic Innovation and the Virtues of Going Virtual: The Case of the Digital Video Disc. *Technology Analysis and Strategic Management* 11.2:159–180.
- Drude, Sebastian, Anton Karl Ingason, Ari Páll Kristinsson, Birna Arnbjörnsdóttir, Einar Freyr Sigurðsson, Eiríkur Rögnvaldsson, Iris Edda Nowenstein og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2018. Digital resources and language use: Expanding the EGIDS scale for language development into the digital domains. Í: Nicholas Ostler, Vera Ferreira og Chris Moseley (ritstj.). *Communities in Control: Learning tools and strategies for multilingual endangered language communities. Proceedings of the 21st FEL Conference 19 – 21 October 2017*, bls. 98–106. Hungerford: Foundation for Endangered Languages.
- Eggert Ólafsson. 1832. *Kvæði Eggerts Ólafssonar, útgefin eptir þeim beztu handritum er feingizt gátu* (Eggert Jónsson, Tómas Sæmundsson og Skúli Vigfússon Thorarensen bjuggu til prentunar). Kaupmannahöfn.

- Einar Jónsson. 1913. 1. mál, fjárlög 1914 og 1915 [ræða flutt á 42. fundi 24. löggjafarþings Alþingis]. <https://www.althingi.is/alttext/raeda/?lthing=24&rnr=1137> (apríl 2019).
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2016. Um utanaðkomandi aðstæður íslenskrar málþróunar. *Skírnir* 2016.1:17–31.
- Elín Þórsdóttir. 2018. *Áhrif aukinnar enskunotkunar á íslenska málfræði*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/29876> (apríl 2019).
- Fowler, Floyd J. Jr. (2013). *Survey research methods* Fifth Edition. Los Angeles: SAGE Publications.
- Guðmundur Finnbogason. 1928. Hreint mál. *Skírnir* 102:145–155.
- Guðrún Kvaran. 2001. Nokkur dönsk aðkomu- og tökuorð í heimilishaldi. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 23:275–289.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Íslensk tunga II. Orð*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Halldór Halldórsson. 1987. Þörf á nýyrðum og sigurlíkur þeirra. Í: Ólafur Halldórsson (annaðist útgáfu). *Móðurmálið: Fjórtán erindi um vanda íslenskrar tungu á vorum dögum*, bls. 93–98. Reykjavík: Vísindafélag Íslendinga.
- Halldór Laxness. 1993. *Sjálfstætt fólk* (6. útgáfa). Reykjavík: Vaka-Helgafell.
- Hanna Óladóttir. 2005. *Pizza eða flatbaka?: Viðhorf 24 Íslendinga til erlendra máláhrifa í íslensku*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Hanna Óladóttir. 2007. „Ég þarf engin fornrit til að vita að ég er Íslendingur, ég vil samt tala íslensku“: Um viðhorf Íslendinga til eigin tungumáls. *Ritið* 7.1:107–130.
- Íslensk orðabók*. <https://snara.is> (apríl 2019).
- Íslensk orðabók*. 2007. (4. útg.). Ritstj. Mörður Árnason. Reykjavík: Edda.
- Íslensk samheitaorðabók*. <https://snara.is> (apríl 2019).
- Íslensk samheitaorðabók*. 2012. (3. útgáfa, aukin og endurbætt). Ritstjóri: Svavar Sigmundsson. Reykjavík: Forlagið.
- Jón Ólafsson. 1913. 1. mál, fjárlög 1914 og 1915 [ræða flutt á 42. fundi 24. löggjafarþings Alþingis]. <https://www.althingi.is/alttext/raeda/?lthing=24&rnr=1151> (apríl 2019).
- Kjartan G. Ottósson. 1990. Íslensk málhreinsun. Sögulegt yfirlit. *Rit Íslenskrar málnefndar* 6. Reykjavík: Íslensk málnefnd.
- Kristján Árnason. 2001. Málstefna 21. aldar. *Málfregni* 11:3–9.
- Kristján Árnason. 2005. Íslenska og enska: Vísir að greiningu á málvistkerfi. *Ritið* 5.2:99–140.
- Lewis, M. Paul og Gary F. Simons. 2010. Assessing endangerment: Expanding Fishman's GIDS. *Revue Roumaine de Linguistique* 2010(2):103–120.
- Lilja Björk Stefánsdóttir. 2018. *Heimdragar og heimsborgarar: Menningarlegur hvati í stafrænu málsambýli*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/29936> (apríl 2019).
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. 2009. *Íslenska til alls: Tillögur íslenskrar málnefndar að íslenskri málstefnu samþykktar á Alþingi* 12. mars 2009. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

- Ritmalssafn Orðabókar Háskólans. <http://ritmalssafn.arnastofnun.is/> (apríl 2019).
- Sigríður Sigurjónsdóttir. 2016. Snjalltækjavæðingin og máltaka íslenskra barna. *Hugrás. Vefrit Hugvísindasviðs* 18. ágúst. <http://hugras.is/2016/08/snjalltaekjavaedingin-og-maltaka-islenskra-barna/> (apríl 2019).
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. 2018. Stafrænt sambýli íslensku og ensku. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sérrit 2018 – Menntakvika 2018.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Eiríkur Rögnvaldsson. 2019. Íslenska á tölvuöld. Í: Höskuldur Práinsson og Hans Andrias Sølvará (ritstj.). *Frændafundur 9*. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Slangurorðabókin*. <http://slangur.snara.is> (apríl 2019).
- Steinþór Steingrímsson, Sigrún Helgadóttir, Eiríkur Rögnvaldsson, Starkaður Barkarson og Jón Guðnason. 2018. Risamálheild: A Very Large Icelandic Text Corpus. Í: *Proceedings of the Eleventh International Conference on Language Resources and Evaluation (LREC 2018)*, bls. 4361–4366. Miyazaki, Japan: European Language Resources Association (ELRA). 2017 útgáfa af málheildinni er aðgengileg til leitar á malheildir.arnastofnun.is.
- Thomason, Sarah. 2010. Contact Explanations in Linguistics. Í: Raymond Hickey (ritstj.). *The Handbook of Language Contact*, bls. 31–47. Chichester: Wiley-Blackwell.
- Tinna Frímánn Jökulsdóttir. 2018. „I didn't understand that — please try again“: *Samskipti Íslendinga og stafrænna aðstoðarmanna*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/29997> (apríl 2019).
- UNESCO Ad Hoc Expert Group on Endangered Languages. 2003. *Language vitality and endangerment* [skýrsla lögð fram vegna International expert meeting á UNESCO programme safeguarding of endangered languages, 10.–12. mars 2003]. <http://unesdoc.unesco.org/images/0018/001836/183699E.pdf> (apríl 2019).
- van den Berg, Jan Albert. 2014. The story of the hashtag(#): A practical theological tracing of the hashtag(#) symbol on Twitter. *HTS Theological Studies* 70.1:1–6. <https://dx.doi.org/10.4102/hts.v70i1.2706>.
- Wagner, Suzanne E. 2012. Age Grading in Sociolinguistic Theory. *Language and Linguistics Compass* 6.6:371–382. doi:10.1002/lnc3.343.

Lykilorð

nýyrði, aðkomuorð, tökuorð, viðhorf málhafa, tölvur og tækni

Keywords

neologisms, loanwords, speaker attitudes, computers and technology

Abstract

English is increasingly influencing the Icelandic language community, raising concerns about the state and prospects of the Icelandic language. Recent studies indicate that such concerns are probably justified. The viability of the language depends on it being used in all areas of daily communication and the attitudes of speakers toward the contact between Icelandic and English is important in this respect. This paper describes the results of a recent study of the attitudes of about 350 Icelandic speakers toward neologisms and their use of a few technology-related neologisms. The paper discusses possible reasons for why some neologisms are received more positively than others and the relationship between neologisms and language viability in the context of Icelandic. The general discussion is then related to the findings of the study which indicate that there is a general consensus among all age groups that Icelandic neologisms should be created and adopted instead of foreign loanwords, although the proportion of such responses is lower in the younger age groups. Icelandic neologisms were viewed more favorably than loanwords in most cases but it is nevertheless clear that not all neologisms are equally well received. We consider some possible explanations for such differences.

Tinna Frímann Jökulsdóttir
Doktorsnemi í máltækni við Íslensku- og menningardeild
Hugvísindasviði Háskóla Íslands
tinnafj@hi.is

Anton Karl Ingason
Íslensku- og menningardeild
Hugvísindasviði Háskóla Íslands
antoni@hi.is

Sigríður Sigurjónsdóttir
Íslensku- og menningardeild
Hugvísindasviði Háskóla Íslands
siggasig@hi.is

Eiríkur Rögnvaldsson
Prófessor emeritus
eirikur@hi.is